

**1133. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. desember 2020
og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Dagskrá og verkefni bæjarráðs - 2019050047

Verkefnalisti bæjarráðs kynntur.

Verkefnalisti yfirfarinn.

2. Stytting vinnuviku - 2020090005

Lagt fram til kynningar minnisblað Stefaníu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, Baldurs Inga Jónassonar, mannauðstjóra, og Guðrúnar Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar, dags. 3. desember 2020, vegna vinnustyttingar leikskólastarfsmanna.

Jafnframt lagt fram minnisblað Baldurs Inga Jónassonar, mannauðsstjóra, dags. 26. nóvember 2020, vegna styttingar vinnuviku dagvinnufólks hjá Ísafjarðarbæ, auk yfirlits vinnutímasamkomulaga, en lagt er til að bæjarstjórn veiti bæjarstjóra umboð til að samþykkja eða hafna fyrir hönd hennar, vinnutímasamkomulag hverrar stofnunar fyrir sig.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að veita bæjarstjóra umboð til að samþykkja eða hafna fyrir hönd hennar, vinnutímasamkomulag hverrar stofnunar fyrir sig.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna útfærslu annarra sveitarfélaga á vinnutímastyttingu leikskóla sem leiðir ekki til kostnaðarauka eða lægra þjónustustigs.

Gestir

Stefanía Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs - 08:10

Baldur I. Jónasson, mannauðsstjóri - 08:10

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar - 08:10

Gestir yfirgáfu fundinn kl. 9:10

3. Afsal húsnæðis Tónlistarskóla Ísafjarðar til Ísafjarðarbæjar - 2020120005

Lagt fram erindi Steinpórs Bjarna Kristjánssonar, formanns Tónlistarfélags Ísafjarðar, dags. 26. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið yfirtaki rekstur og viðhald húsnæðis Tónlistarskólans við Austurveg 11 á Ísafirði, en að rekstrarfyrirkomulag Tónlistarskólans myndi haldast óbreytt.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að bæjarstjóra verði falið að hefja viðræður við Tónlistarfélag Ísafjarðar um málið.

4. Fasteignagjöld 2019 og 2020 - 2020120006

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 2. desember 2020, þar sem lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til þess hvort veita eigi Tónlistarfélagi Ísafjarðar styrk á móti fasteignagjöldum árána 2019 og 2020.

Bæjarráð samþykkir að veita Tónlistarfélagi Ísafjarðar styrk vegna fasteignagjalda árána 2019 og 2020 og leggur fyrir bæjarstjóra að gera viðauka vegna málsins og leggja fyrir bæjarráð.

5. Trúnaðarmál á mannauðssviði - 2020090017

Trúnaðarmál kynnt fyrir nefndarmönnum.

Bókun færð í trúnaðarmálabók bæjarráðs.

6. Jónsgarður - 2020120011

Lagður fram tölvupóstur Guðfinnu Sigmundsdóttur, f.h. afkomenda Jóns og Karlínu, dags. 29. nóvember 2020, þar sem skorað er á sveitarfélagið að leggja verulega fjármuni í að laga Jónsgarð, sinna gróðri þar og gera hann aðgengilegan fyrir alla með stígum og bekkjum svo hægt sé að eiga þar gæðastundir.

Bæjarráð þakkar erindið. Sveitarfélagið hefur sett nokkuð mikla fjármuni til viðhalds Jónsgarðs og annarra almenningsgarða síðastliðin ár, en auðvitað má alltaf gera betur. Bæjarráð þakkar ábendinguna.

7. Ósk um umsögn um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum - 2020060046

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Guðnýjar Steínu Pétursdóttur, ritara sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 2. desember 2012, vegna fundarboðs vegna ákvörðunar um hvort rétt sé að lýst verði yfir banni við eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum í Jökulfjörðum, auk umsagna sem hafa komið í málinu.

Lagt fram til kynningar.

8. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2020/2021 - 2020090041

Lagt fram bréf Áslaugar Eirar Hólmgeirsdóttur og Sigríðar Norðmann, f.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 30. nóvember 2020, vegna fyrirhugaðrar úthlutunar byggðakvóta 2020/2021, en úthlutun til einstakra sveitarfélaga liggur nú fyrir og er sveitarfélögum gefinn frestur til 8. desember 2020 að óska eftir breytingum á þegar innsendum tillögum um sérstök skilyrði um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðakjarna, áður en ráðuneytið tekur þær til efnislegrar meðferðar.

Lagt fram til kynningar.

9. Stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu - bókun Bláskógabyggðar - 2020120013

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra Bláskógabyggðar, dags. 1. desember 2020, vegna bókunar sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi.

Lagt fram til kynningar.

10. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 1. desember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 113. mál.

Umsagnarfrestur er til 15. desember nk.

Bæjarráð vísar málinu til fræðslunefndar og velferðarnefndar.

11. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 30. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum, 106. mál.

Umsóknarfrestur er til 11. desember nk.

Bæjarráð vísar málinu til fræðslunefndar.

11. Íþrótt- og tómstundanefnd - 217 - 2011025F

Lögð fram til kynningar fundargerð 217. fundar íþrótt- og tómstundanefndar sem fram fór 2. desember 2020.

Fundargerðin er í fjórum liðum.

Lagt fram til kynningar.

11.3 2019080035 - Uppbyggingarsamningar 2020

Lagt fram til kynningar. Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykka umsóknarferli uppbyggingasamninga.

11.4 2020050033 - Gjaldskrár 2021

Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til að breyta afslætti á árskortum á skíðasvæði úr 20% í 50% fyrir einstaklinga með virkt árskort í sundi sem fjármálastjóri lagði til í minnisblaði.

Aflsáttur á árskortum kemur í staðinn fyrir súperpassa sem detta út úr gjaldskrá 2021. Lagt er til sérverð fyrir öryrka og ellilífeyrisþega á árskortum í sundi. Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til við bæjarráð að samþykka gjaldskrá íþróttamannvikja fyrir árið 2021.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:35

Marzellíus Sveinbjörnsson

Daníel Jakobsson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Birgir Gunnarsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir